

## HAFTENGT NÁM Í BRENNIDEPLI HJÁ UNGU FÓLKI

- » Fjöldi nemenda í námi tengdu sjávarklasanum eykst. Nýnemar hafa aldrei verið fleiri en 12 % fjölgun er milli ára í 10 mismunandi haftengdum námsbrautum.
- » Vitundarvakning er meðal ungs fólks með þeirri nýsköpun og framþróun sem á sér stað í sjávarútvegi. Greinin heillar og ímyndin er jákvæðari.

- » Metfjöldi er skráður í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri. Nú eru samtals 83 nemendur í náminu en fjöldinn hefur farið sívaxandi frá árinu 2009.
- » 67% aukning í nemendafjölda milli ára hjá Fisktækniskóla Íslands. Fjölbreytt nám er í boði á framhaldsskólastigi á sviði sjómennsku, fiskvinnslu og fiskeldi.

### HORFT TIL SJÁVAR

Enn fleiri ungmenni horfa nú til sjávar og opna augun fyrir þeim möguleikum sem þar er að finna. Með nýjum tækifærum og aukinni verðmætasköpun í sjávarútvegi kviknar áhuginn enda spannar greinin mjög víðfeðmt svið. Mikil flóra námsleiða er nú í boði á sviði haftengdrar starfsemi en síðustu ár hefur framboðið aukist töluvert samfara meiri eftirspurn.

Á framhaldsskólastigi er hægt að leggja stund á nám í bæði skipstjórn og vélstjórn hjá Tækniskólanum. Í skipstjórn hefur fjöldi nemenda þar nærri þrefaldast frá árinu 2008, þá voru rúmlega 80 nemendur en nú eru þeir um 240. Aðsókn í vélstjórn hefur svo haldist nokkuð jöfn með um 200 nemendur á ári. Þá er hásetafræðsla í boði í Tækniskólanum og í Fisktækniskóla Íslands er hægt að leggja stund á nám sem tengist sjómennsku, fiskvinnslu og fiskeldi.

Víðsvegar um landið er einnig að finna nám tengt sjávarútvegi en Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er með skipstjórnar- og vélstjórnarbraut sem veitir réttindi upp að ákveðnu stigi sem og Menntaskólinn á Ísafirði í vélstjórn. Fjölbrautarskóli Suðurnesja er með vélstjórnarbraut og nám í netagerð. Verkmenntaskólinn á Akureyri býður svo upp á vélstjórnarnám og víða er hægt að leggja stund á vélvirkjun.


Á háskólastigi starfrækir Háskólinn á Hólum diplómanám í fiskeldi og meistaranám í sjávar- og vatnalíffræði. Háskólinn á Akureyri er með grunnám í sjávarútvegsfræði sem hefur verið í mikilli sókn en þar er einnig hægt að stunda grunnám í líftækni sem er sífellt að verða mikilvægari þáttur í sjávarklasanum. Aukinheldur er þar hægt að

stunda diplómanám í náttúru- og auðlindafræði og framhaldsnám í auðlindafræðum en þar hafa verið um 4 nýnemar á ári.

Við Háskólasetur Vestfjarða er í boði meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun sem er í samstarfi við Háskólann á Akureyri og er 36% aukning í innritun á milli ára. Í það heila hafa 126 nemendur innritast í námið síðan 2008 og þar af 69 brautskráðst. Þar er einnig að finna nýtt meistaranám í sjávarvæðingri nýsköpun sem er samstarf á milli þessara skóla ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Námið hefur farið fremur hægt af stað með tvo innritaða nemendur frá árinu 2013 en námið er afbragðs viðbót sem hvetur til frumkvöðlastarfsemi.

Háskóli Íslands er með nám í matvælafræði á bæði grunn- og framhaldsstigi en sú grein kemur víða við í hinum ýmsu ferlum sjávarútvegsins. Hið

### NEMENDUR Í SKIPSTJÓRN OG VÉLSTJÓRN VIÐ TÆKNISKÓLANN



Þverfaglega norræna meistaranám AQFood leggur áherslu á virðisbætur eldis og sjávarafurða en í því eru nú 11 nemendur. Námið hóf göngu sína árið 2012 og er samstarf á milli fimm háskóla; Háskóla Íslands, Technical University of Denmark, Norwegian University of Science and Technology, Swedish University of Agricultural Sciences og Norwegian University of Life Science.

Að lokum er vert að nefna samstarf á milli Háskólans í Reykjavík og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi sem var hleypt af stokknum á vorönn 2014 en þá sóttu 27 manns endurmenntunarnámskeið fyrir stjórnendur í sjávarútvegi. Stefnt er að því að halda námskeiðið að nýju á vorönn 2015.

## METFJÖLDI Í SJÁVARÚTVEGSFRÆÐI

Háskólinn á Akureyri hóf kennslu í sjávarútvegsfræði árið 1990 en nú hafa 170 sjávarútvegsfræðingar útskrifast þaðan. Námið er mjög fjölbreytt og rúmar mörg fræðasvið. Það var í upphafi skipulagt með hliðsjón af sambærilegu námi sem er í boði í Tromsø, Noregi. Markmið námsins er að mennta nemendur í undirstöðugreinum íslensks sjávarútvegs en því má skipta í þrjá megin hluta; auðlindina og nýtingu hennar, viðskipta og hagfræðigreinar og að lokum raungreinar. Námið er því mjög þverfaglegt og undirbýr nemendur fyrir krefjandi og skapandi starfsumhverfi.

Um tíma átti námið undir högg að sækja með sögulegri lægð árið 2009 þar sem aðeins 15 nemendur voru á öllum námsárum. Þar á undan höfðu árgangar þó sveiflast töluvert. Frá árinu 2007 hefur markvisst verið unnið að því að styrkja námið og efla tengslin við atvinnulífið. Sú vinna ásamt almennt auknum áhuga og aukinni námssókn hefur borið ávöxt þar sem nú í haust innritaðist þriðji stóri árgangurinn í röð og heildarfjöldi nemenda aldrei verið meiri eða 83 talsins.

Sjávarútvegsfræðingar eru mjög eftirsóttir starfskraftar enda liggur í augum uppi að þörf íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á vel menntuðu starfsfólki fer ekki dvínandi heldur þvert á móti og við það bætist sá uppgangur sem nú hefur verið í greininni á sviði rannsókna og nýsköpunar.


## FISKTÆKNISKÓLI ÍSLANDS SIGLIR AF KRAFTI

Fisktækniskólinn býður upp á fjölbreytt nám í sjávarútvegi á framhaldsskólastigi. Hagnýtt tveggja ára nám er í boði sem byggist þannig upp að tvær annir eru í námi og tvær á vinnustað. Hægt er að velja um námsleiðir í sjómennsku, fiskvinnslu og fiskeldi. Auk þess er hægt að læra netagerð sem er þriggja ára samningsbundið nám og tvær annir í skóla. Nýnemar í ár eru 20 og alls eru 50 nemendur í náminu nú sem gerir 67% aukningu frá því í fyrra.

## NEMENDUR Í SJÁVARÚTVEGSFRÆÐI




## NÝNEMAR Í SJÁVARÚTVEGSFRÆÐI



Samstarf hefur verið eflt en í haust hófu 20 nemendur nám í fisktækni á Sauðárkróki en þar taka saman höndum Fisktækniskólinn, Farskóli Norðurlands Vestra, Fjölbrautarskóli Norðurlands Vestra og Fisk seafood.

Marel vinnslutækni er að auki nýtt nám hjá Fisktækniskólanum sem kynnt var nú í haust. Námið er í samstarfi við Marel og er námstíminn eitt ár. Með hinni auknu tæknivæðingu á Íslandi er kominn mikill fjöldi af vel útbúnum fiskvinnslum með fullkomnum vinnslulínunum, tækjum og hugbúnaði til framleiðslustýringar. Eftirlit og umsjón er að færest úr hinni almennu vélavinnu og yfir í kunnáttu á virkni hugbúnaðarins. Það þykir nauðsynlegt að svara þessari eftirspurn og samtals eru 12 nemendur að læra Marel vinnslutækni.

## FJÖLDI NÝNEMA Í HAFTENGDU NÁMI 2010-2014



### HEILLANDI FRAMTÍÐ Í SJÁVARÚTVEGI

Svo langt aftur sem menn hafa getað aflað vitneskju um hefur maðurinn lagt sig fram við að veiða og ala fisk með öllum tiltækum ráðum hverju sinni. Á því verður engin breyting og með öllum þeim tækniþróunum sem hafa átt sér stað stendur íslenskur sjávarútvegur öflugri en nokkru sinni fyrr. Til viðbótar eru stórfelldar framfarir á sviði rannsókna og nýsköpunar sem opna fyrir ný tækifæri, verðmætasköpun og enn frekari eflingu í greininni.

Með þessum nýja sjávarútvegi er sjálfsagt að það tendrist áhugi hjá ungu fólki. Aukin sókn í haftengt nám á undanförunum árum sýnir fram á mikla vitundarvakningu en betur má ef duga skal og er mikilvægt að viðhalda þessari þróun. Fjölbreytt námsflóra ásamt samvinnu skóla- og atvinnulífs er nauðsynleg forsenda þess að stuðla að áframhaldandi framförum í íslenskum sjávarútvegi.

**Nánari upplýsingar veitir Heiðdís Skarphéðinsdóttir (heiddis@sjavarklasinn.is) í síma 577-6200.**

### FISKELDISFRÆÐI Á HÓLUM

Árið 2012 voru um 250 manns að starfa í fiskeldi á Íslandi en greinin er að styrkjast hérlendis og áberandi mikill uppgangur í eldisiðnaði á suðurkjörðum Vestfjarða. Talið er að fjölgun starfa á tveimur árum sé 36% og um 340 manns komi að greininni nú.

Frá því að Háskólinn á Hólum hóf kennslu á háskólastigi árið 2007 hafa um 40 nemendur útskrifast með diplómu í fiskeldi. Fram að því hafði diplómanám í fiskeldi á framhaldsskólastigi verið í boði.

Nú í haust voru nýnemar aðeins þrjár en markmið námsins er að nemendur öðlist hæfni til að sinna fjölbreyttum störfum á sviði fiskeldis og fiskalíffræði. Það er ljóst að fiskeldi er grein sem kemur til með að vaxa á komandi árum og framboð í menntun greinarinnar mikilvægur þáttur til að gefa byr í seglin.